

Samþykkt fyrir Minjasafn Austurlands

1. grein

Minjasafn Austurlands er almennt byggðasafn. Starfssvæði þess er Austurland norðan Lónsheiðar. Aðalaðsetur þess er í Safnahúsinu, Laufskógum 1 Egilsstöðum.

2. grein

Minjasafn Austurlands starfar samkvæmt gildandi safnalögum. Minjasafnið starfar einnig eftir gildandi safnastefnu á sviði menningarminja sem gefin er út af Þjóðminjasafni Íslands og samkvæmt siðareglum ICOM, Alþjóðaráðs safna.

Minjasafn Austurlands starfar í almannapágu og er ekki rekið í hagnaðarskyni.

3. grein

Minjasafns Austurlands er stofnun í eigu sveitarfélagsins Múlapings. Safnið hefur sjálfstæðan fjárhag og eigandi tryggir því rekstrarfé samkvæmt fjárhagsáætlun ár hvert. Það fé sem safnið aflar sjálft, með styrkjum, tekjum eða gjafafé rennur óskipt til safnsins. Verði arður af starfseminni rennur hann til safnsins. Reikningar safnsins eru hluti af reikningshaldi Múlapings og eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum.

4. grein

Hlutverk Minjasafns Austurlands er:

1. Að safna, skrásetja og varðveita minjar um búshætti, atvinnulíf og daglegt líf á Austurlandi samkvæmt söfnunarstefnu safnsins og veita fræðslu um þær.
2. Að halda sýningar á munum safnsins í Safnahúsinu, og ef tilefni er til utan þess líka.
3. Að hafa eins og kostur er samstarf við einstaklinga, félagasamtök, mennta- og rannsóknastofnanir á starfssvæðinu og víðar og birta almenningi árlega skýrslu yfir starfsemi sína.
4. Að efla áhuga almennings fyrir því að varðveita hvers kyns sögulegar minjar um mannlíf á starfssvæðinu.
5. Að hafa samstarf við önnur hliðstæð eða skyld söfn sem starfa á starfssvæðinu, annars staðar á landinu og erlendis, eftir því sem eftir er leitað og ástæða þykir til hverju sinni.
6. Að stuðla að og sinna rannsóknum, eins og kostur er.

Safninu er ekki skylt að veita að veita viðtöku munum eða öðrum minjum, sem sérstakar kvaðir fylgja.

Minjasafnið hefur heimild, að fengnu samþykki fagráðs minjasafnsins, til að ráðstafa gripum úr safnkosti sínum til annarra safna ef lög um menningarminjar og söguleg eða safnfræðileg rök styðja slíkt.

Minjasafnið hefur samkvæmt gildandi safnalögum, heimild til að farga gripum sem safnið hefur veitt viðtöku ef varðveislugildi þeirra er ekkert og að uppfylltum skilyrðum höfuðsafns og Safnaráðs.

Skrá skal alla muni safnsins samkvæmt viðurkenndu skráningarkerfi.

Safnið skal reglulega gera stefnumörkun um starfsemi sína.

Safnið er aðili að Ljósmyndasafni Austurlands.

Minjasafnið hefur að öðru leyti þau réttindi og á því hvíla þær skyldur, sem kveðið er á um í gildandi lögum um starfsemina.

5. grein

Byggðaráð Múlapings fer með stjórn Minjasafnsins. Hlutverk ráðsins er að:

- gera samþykkt fyrir safnið,
- tryggja sjálfstæði safnsins og gera drög að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar,
- tryggja að safnstjóri uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð,
- tryggja safninu og starfsfólki viðunandi starfsumhverfi og aðstöðu,
- skipa í fagráð safnsins samanber 7. grein.

6. grein

Sviðsstjóri menningarmála hjá Múlapingi ræður forstöðumann Minjasafnsins í samráði við sveitarstjóra.

Við ráðningu skal miða við að forstöðumaður hafi háskólamenntun og staðgóða þekkingu á sviði safnsins eða hafi aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt. Einnig skal miðað við að umsækjandi með menntun á safnasviði skuli að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu.

Forstöðumaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu safnsins, þar með talið fjármálum og starfsmannamálum. Hann ber ábyrgð á faglegri starfsemi safnsins og ræður annað starfsfólk í samráði við sviðsstjóra menningarmála sem er hans næsti yfirmaður.

7. grein

Fagráð Minjasafns Austurlands er skipað þremur fulltrúum. Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar byggðaráð Múlapings tvo fulltrúa og tvo til vara og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps einn fulltrúa og einn til vara í fagráðið, sem starfi til loka hvers kjörtímabils. Formaður fagráðsins skal skipaður af byggðaráði Múlapings.

Fulltrúar fagráðsins skulu hafa góða þekkingu á safna- og sýningarmálum. Hlutverk fagráðsins er, ásamt forstöðumanni Minjasafnsins, að

- tryggja að safnið starfi að lögum og fylgi siðareglum ICOM,

- gera stefnumörkun fyrir minjasafnið,
- vinna að þróun starfseminnar,
- fylgja eftir hlutverki og helstu verkefnum Minjasafnsins.

Gæta skal jafnréttis við skipan í fagráðið.

Fagráð fundar tvisvar til þrisvar sinnum á ári og fær greidda þóknun fyrir fundasetu frá því sveitarfélagi sem það starfar fyrir.

Fundargerðir fagráðsins skulu lagðar fyrir byggðaráð.

8. grein

Ákveði Fljótsdalshreppur að stofna minjasafn (byggðasafn), sem uppfyllir skilyrði viðurkennds safns samkvæmt gildandi safnalögum, á sveitarfélagið rétt á að fá afhenta þá safngripi sem eru með skráðan uppruna í Fljótsdal.

Verði starfsemi Minjasafns Austurlands lögð niður skal gefa Fljótsdalshreppi kost á að taka til sín þá safngripi sem eru með skráðan uppruna í Fljótsdal til stofnunar viðurkennds minjasafns. Að öðru leyti skal haga ráðstöfun eigna og safnskots safnsins eins og kveðið er á um í gildandi safnalögum; þ.e. í samráði við viðeigandi höfuðsafn, Þjóðminjasafn Íslands. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

Samþykkt þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2025 samkvæmt samningi milli Fljótsdalshrepps og Múlaþings sem undirritaður var 26. mars 2025. Um leið fellur úr gildi samningur sveitarstjórna Fljótsdalshrepps, Borgarfjarðarhrepps og Fljótsdalshéraðs um Minjasafn Austurlands, frá 1. maí 2013.

Samþykkt í byggðaráði Múlaþings 25. mars 2025